

Anna Jensdóttir 1939-2025: Minning

Höfundur: Hallfríður Baldursdóttir

Anna Jensdóttir fæddist 6. febrúar 1939 á Ísafirði, en lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík þann 4. febrúar 2025. Anna var í grunninn Vestfirðingur, dóttir hjónanna Jens Hólmgeirssonar frá Vöðlum í Mosvallahrepp, Vestur-Ísafjarðarsýslu og konu hans Steinunnar Olgu Valdimarsdóttur, ættaðri frá Æðey við Ísafjarðardjúp. Anna dvaldist eitthvað á yngri árum í Æðey hjá ættingjum og talaði hlýlega um þá veru. Það var einmitt einkennandi í hennar fari og samskiptum við samferðafólk; hlýja, jákvæðni og uppbyggileg umræða.

Anna lauk prófi í bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands haustið 1983. Sama ár hóf hún störf á hinum ýmsu bókasöfnum; Borgarbókasafni, Bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð, Bókasafni Kennaraháskóla Íslands og Bókasafni Kópavogs um þriggja ára skeið, þar sem hún var deildarstjóri flokkunar- og skráningardeildar.



Mynd 1: Anna Jensdóttir. Ljósmyndari Helgi Bragason



Mynd 2: Anna ásamt samstarfsfólki á Landsbókasafni. Anna situr lengst til hægri

Árið 1990, í ágúst, réðst hún til starfa á Landsbókasafn Íslands og varð deildarstjóri í deild erlendra rita frá 1. nóvember sama ár.

Við sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns varð Anna deildarstjóri nýstofnaðrar Tón- og mynddeildar og notendapjónustu í upplýsingadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns frá janúar 1995. Er óhætt að segja að hún hafi lagt grunn að starfsemi þeirrar deildar af metnaði og dug. Anna rækti störf sín af fagmennsku og heilindum og var jafnframt virk í félagsmálum stéttarinnar. Er hún lauk starfi á Landsbókasafni tók hún að sér hlutastarf í Bókasafni Dagsbrúnar og er það til marks um óbilandi áhuga hennar á að láta til sín taka.

Við sem áttum Önnu að vinnufélaga og vin, er þakklæti efst í huga fyrir góða samfylgd sem aldrei bar skugga á.